



Reykjavík, 18.11.2020

USK2020100075

Skipulags- og samgönguráð

Efni:

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu LEAN aðferðafræðinnar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 21. október 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Árið 2018 var ákveðið að innleiða LEAN. Flokkur fólksins óskar að fá upplýsingar um hvar innleiðing LEAN aðferðafræðinnar er stödd hjá sviðinu (USK), hvað hún hefur kostað nú þegar og hver verður endanlegur kostnaður hennar? Óskað er eftir sundurliðun á aðferðafræðinni innan sviðsins eftir verkefnum. Einnig er spurt: Hefur LEAN verið innleitt formlega hjá borginni í heild? Ástæða fyrirspurnanna. Flokkur fólksins hefur áður spurt um LEAN og kom þá fram í svari að LEAN hafi ekki verið innleitt formlega hjá borginni í heild og engar ákvarðanir teknar um það. LEAN var um tíma mikið tískudæmi en fljótlega kom í ljós að aðferðafræðin hentar ekki öllum starfsstöðvum auk þess sem hún er mjög dýr. Svo virtist a.m.k. um tíma sem borgin ætlaði að gleypa LEAN hrátt og því var og er enn ástæða til að spyrjast nú fyrir um stöðu málsins.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Svar:

Straumlínustjórnun LEAN hefur ekki verið innleidd formlega hjá borginni í heild og ekki hefur verið tekin ákörðun um slíkt. Þá hefur LEAN straumlínustjórnun sömuleiðis ekki verið innleidd hjá umhverfis- og skipulagssviði í heild og ekki eru áform um að gera það. Hins vegar er verið að vinna að því að innleiða LEAN straumlínustjórnun á nokkrum starfsstöðum hjá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Innleiðingin er langt komin á hverfastöð vestur, Fiskislóð, og til stendur að innleiða aðferðafræðina einnig á hverfastöð austur, Jafnaseli, Þjónustumiðstöð borgarlandsins við Stórhöfða og á deild leyfisveitinga og sérverkefna í Borgartúni 14. Verkefnið hefur tafist vegna Covid19 farsóttarinnar. Gert er ráð fyrir að halda áfram með verkefnið þegar aðstæður leyfa. Kostnaður við verkefnið árin 2019 og 2020 var 3,8 m.kr. Áætlaður kostnaður fyrir næstu skref gæti orðið um 2-3 m.kr.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir